

Fimmtudaginn 23. mars 1995.

Nr. 131/1991.

Ólafur H. Jakobsson

(Kristinn Sigurjónsson hrl.)

gegn

Glitni hf.

(Ólafur Axelsson hrl.)

Sjálfskuldarábyrgð. Fjármögnunarleiga. Gerðardómur. Frávísunar-
kröfu hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. mars 1991 og krefst þess aðallega, að héraðsdómur verði ómerktur og „málinu vísað frá dómi“. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Svo sem í héraðsdómi greinir, var frávísunarkrafa áfrýjanda á því reist, að ágreiningur um verðmæti hins leigða hefði ekki verið borinn undir gerðardóm Verslunarráðs Íslands, eins og skylt hafi verið samkvæmt fjármögnunarleigusamningi þeim, sem deilt er um í málinu. Héraðsdómari hafnaði frávísunarkröfu með þeim rökum, að hún væri of seint fram komin.

Í greinargerð áfrýjanda hér fyrir dómi er dráttur sá, sem varð á að krefjast frávísunar, skýrður með því, að lögmanni áfrýjanda hafi einungis verið afhent ljósrit af framhlið greinds samnings, þegar hann var lagður fram í þinghaldi 25. janúar 1990. Hafi lögmaður áfrýjanda fyrst komist að því daginn fyrir munnlegan flutning málsins í héraði, að bakhlið skjalsins vantaði. Á hana eru prentaðir almennir samningsskilmálar í 20 greinum, en í einni þeirra er m. a. að finna ákvæði um gerðardóm, sem áður er vikið að.

Á framhlið fjármögnunarleigusamningsins er sérstaklega vísað til almennra samningsskilmála, sem prentaðir eru á bakhlið hans. Í

stefnu í héraði er vísað til tveggja nánar tiltekinna greina, sem báðar eru á bakhlið samningsins. Lögmanni áfrýjanda mátti meðal annars af þessum ástæðum vera ljóst frá upphafi málssóknarinnar, að efni hins skriflega samnings var ekki aðeins á annarri hlið hans. Þess vegna og með vísun til 2. gr. laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma ber að fallast á þá niðurstöðu héraðsdóms, að frávisunarkrafan komist ekki að í málinu. Þarf þá ekki að taka afstöðu til þess, hvort fyrrgreint samningsákvæði um gerðardóm hafi átt við í lögskiptum aðila máls þessa.

Hér fyrir dómi er ekki deilt um einstaka liði kröfu stefnda eða útreikning fjárhæðar hennar. Samkvæmt því, sem nú var rakið, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

Það athugast, að mál þetta var dómtekið í héraði 15. nóvember 1990 að loknum munnlegum málflutningi, en var endurupptekið og dómtekið að nýju 11. febrúar 1991 eftir munnlegan málflutning, án þess að skýring væri gefin á þessum mikla drætti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ólafur H. Jakobsson, greiði stefnda, Glitni hf., 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. febrúar 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 15. og 17. janúar 1990, af Glitni hf., kt. 511185-0259, Ármúla 7, Reykjavík, gegn Ómari Gústafssyni, kt. 070836-3869, Dunhaga 19, Reykjavík, Ólafi H. Jakobssyni, kt. 101029-4849, Hringbraut 95, Reykjavík, og Ásdísi Árnadóttur, kt. 130136-2069, Suðurgötu 45, Keflavík.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert að greiða in solidum stefnanda 850.920 kr. með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum svo og málskostnað].

Endanlegar dómkröfur stefnda Ólafs H. Jakobssonar eru þær aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af

kröfum stefnanda og honum í báðum tilvikum tildæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Málavextir og málsástæður.

Stefnandi kveður málavexti þá, að með samningi um fjármögnunarleigu nr. 600495-1, dagsettum 16. febrúar 1987, hafi stefndi Ómar leigt Mercedes-Benz, árgerð 1987, talstöð og Novax-gjaldmæli af stefnanda. Umrædda hluti hafi stefndi Ómar fengið afhenta 16. febrúar 1987. Samkvæmt 5. gr. fjármögnunarleigusamningsins hafi lágmarkssamningstími hans verið frá 16. febrúar 1987 til 1. mars 1992. Gjald dagar hafi verið umsamdir 60, þ. e. mánadaglegar greiðslur, og hafi borið að greiða fyrstu leigugreiðsluna 1. mars 1987. Umsamin mánadaglega hafi numið 36.883 kr. miðað við grunnvísitölu 1594 stig.

Ofangreindur fjármögnunarleigusamningur sé í vanskilum, og hafi stefndu ekki fengist til að greiða þrátt fyrir margar ítrekaðar tilraunir þar um. Hinu leigða hafi verið skilað, og hafi verðmæti þess við afhendingu numið 1.200.000 kr., og hafi það gengið upp í skuldina miðað við skiladag, þ. e. 38.185 kr. upp í dráttarvexti og 335.889 kr. upp í höfuðstól, samtals 374.074 kr., upp í gjaldfallnar greiðslur, og 824.926 kr. hafi gengið upp í gjaldfelldar greiðslur og kostnað vegna bifreiðarinnar. Nemi eftirstöðvar skuldarinnar því 850.920 kr., sem eru stefnufjárhæð málsins. Séu vanskilin innheimt í samræmi við 16. gr. umrædds fjármögnunarleigusamnings.

Ólafur H. Jakobsson og Ásdís Árnadóttir hafi tekist á hendur óskipta sjálfskuldarábyrgð á ofangreindum fjármögnunarleigusamningi.

Umræddum samningi hafi verið sagt upp vegna vanskila samkvæmt 14. gr. samningsskilmála, og jafnframt séu vanskilin innheimt í samræmi við 16. gr. samningsins.

Krafa stefnanda sundurliðast þannig:

	Höfuðst.	Dráttarv.
1. 12. 1988	31.711	38.692
1. 1. 1989	53.033	60.643
1. 2. 1989	53.912	60.669
1. 3. 1989	81.643	90.144
1. 4. 1989	58.194	63.218
1. 5. 1989	56.696	60.008
15. 6. 1989	700	700
Samtals kr.	335.889	374.074

Gjaldfelldar leigugreiðslur, eftirstöðvar samnings 15. 6. 1989	1.520.233
Verðmæti hins leigða 15. 6. 1989	-1.200.000
Útlagður kostnaður vegna gjalda og standsetningar hins leigða 9. 8. 1989	156.613

Samtals	kr.	850.920
---------	-----	---------

Frávísunarkröfu sína, sem fyrst kom fram við munnlegan málflutning og lögmaður stefnanda mótmælti sem of seint fram kominni, styður stefndi Ólafur H. Jakobsson þeim rökum, að samkvæmt 16. gr. fram lagðs samnings um fjármögnunarleigu skuli bera ágreining um verðmæti hins leigða undir gerðardóm Verslunarráðs Íslands. Það hafi ekki verið gert, og beri því að vísa málinu frá dómi.

Sýknukröfu sína reisir stefndi Ólafur á því, að stefnandi hafi látið stefnda Ómar Gústafsson vera með bifreiðina í sjö mánuði fram yfir vanskil Ómars. Hafi stefnanda borið að taka bifreiðina strax úr vörslu Ómars, þegar hann stóð ekki í skilum. Við þetta hafi verðfall bifreiðarinnar orðið 400–450 þúsundir. Enn fremur hafi stefnandi útvegað stefnda Ómari olíur og greitt kostnað vegna bifreiðarinnar, alls upp á sextíu þúsund krónur, og krefji nú stefnda Ólaf um þetta. Stefndi Ólafur hafi aldrei tekið ábyrgð á gjörðum stefnanda, svo furðulegar sem þær voru í þessu máli. Stefnanda hafi borið að taka bifreiðina strax til sín, þegar vanskil hófust, í stað þess að afla Ómari fjármuna til þess að reka hana.

Þegar stefnandi hafi selt bifreiðina aftur, hafi hún verið seld gegn staðgreiðslu og verið seld 400.000 krónum ódýrari en vera skyldi. Ábyrgð stefnda Ólafs hafi hljóðað upp á sæmilegt lán, en nú hafi stefnandi breytt þessu í staðgreiðsluviðskipti án nokkurra heimilda. Á því, sem tapast hafi við það, að bifreiðin var seld of lágu verði og í staðgreiðslu, beri stefnandi einn ábyrgð.

Í bifreiðinni hafi verið talstöð og mælir, og muni þau tæki hafa fylgt bifreiðinni. Þessa hluti hafi mátt selja sér fyrir 90.000 kr. Þessu mótmæli stefndi Ólafur og telji stefnanda einan bera ábyrgð á þessu.

Þau ákvæði í kaupsamningi (sic), sem fari á svig við viðskiptavenju og góða viðskiptahætti, verði að víkja í þessu máli. Mörg dæmi séu um slíkt, t. d. ákvæði í farmskírteinum, sem dæmd hafi verið ómerk.

Niðurstaða.

Við munnlegan málflutning var af hálfu stefnda Ólafs gerð sú krafa, að máli þessu yrði vísað frá dómi. Lögmaður stefnanda mótmælti kröfunni sem of seint fram kominni.

Þegar virt er, að stefndi Ólafur gat haft uppi kröfu þessa þegar í greinargerð sinni, verður henni ekki gegn andmælum stefnanda komið að í málinu.

Samkvæmt 1. tl. 14. gr. samnings milli stefnanda og stefnda Ómars er stefnanda heimilt að segja samningnum upp án fyrirvara, m. a., ef leigutaki innir ekki af hendi tilskildar greiðslur samkvæmt samningnum á umsömdum gjalddögum eða vanefnir ákvæði samningsins að öðru leyti. Sveinbjörn Sveinbjörnsson, fyrrverandi starfsmaður stefnanda, bar fyrir dómi, að vorið 1989 hefði orðið ljóst, að stefndi Ómar myndi ekki inna frekari greiðslur af hendi. Hafi samningi því verið sagt upp með því, að bifreiðin var tekin af Ómari.

Fyrrgreint ákvæði er heimildarákvæði. Telja verður, að ef tilgreindum skilyrðum er fullnægt, sé það á valdi stefnanda, hvort og hvenær samningi er sagt upp. Óumdeilt er í máli þessu, að vanskil voru á greiðslum samkvæmt umræddum samningi, og var stefnanda því heimilt samkvæmt nefndu ákvæði að segja samningi upp, þegar gert var. Þykir því ekki koma til álita sú málástæða stefnda Ólafs, að stefnandi hafi dregið óhæfilega lengi að segja upp samningnum og taka bifreiðina úr vörslu stefnda Ómars.

Óumdeilt er, að söluverð umræddrar bifreiðar var 1.200.000 kr., og hefur verið tekið tillit til verðmætis hennar í kröfugerð stefnanda, sbr. 16. gr. samningsskilmála. Af hálfu stefnda Ólafs er því haldið fram, að söluverð bifreiðarinnar hafi verið 400.000 kr. lægra en vera skyldi. Samkvæmt 16. gr. samningsskilmála skal miða við það verðmæti, sem ætla má, að hið leigða hafi í kaupum og sölum á frjálsum markaði. Upplýst er, að bifreiðin var seld á bílasöluinni Skeifunni. Af hálfu stefnda Ólafs hafa engin gögn verið lögð fram til stuðnings þessari fullyrðingu hans, og með hliðsjón af framburði vitnisins Hallgríms Jóns Ingvaldssonar bílasala þykir ósannað, að umrædd bifreið ásamt talstöð og gjaldmæli hafi verið seld undir sannvirði.

Einn liður í kröfugerð stefnanda er útlagður kostnaður vegna gjalda og standsetningar hins leigða, samtals að fjárhæð 156.615 kr., og hefur stefndi Ólafur mótmælt þessum kröfulið. Í þessari fjárhæð felast þrif og lagfæringar á bílnum, 11.125 kr., sölulaun 26.880 kr., kostnaður vegna tilkynningar um eigendaskipti 1.500 kr. og gasolía 810 kr. Er hér um að ræða kostnað við að koma bifreiðinni í verð, sem dregst frá verðmæti hennar, og telja verður, að stefndi Ólafur hafi sem sjálfskuldarábyrgðarmaður á umræddum samningi ábyrgst greiðslu þessa kostnaðar, sbr. 3. tl. 16. gr. samningsskilmála.

Þá er einnig innifalin í þessum lið krafa um greiðslu bifreiðagjalda, 64.361 kr., og tryggingariðgjalda til Sjóvá-Alm., 51.937 kr., en óumdeilt er af hálfu stefnda Ólafs, að stefnandi hafi greitt þennan kostnað. Umrædd gjöld eru til komin vegna reksturs umræddrar bifreiðar, og af fram lögðum fjármögnunarleigusamningi verður ekki ráðið, að stefndi Ólafur hafi með undirritun sinni sem sjálfskuldarábyrgðarmaður tekist á hendur ábyrgð á greiðslu slíks

kostnaðar, og ber því að sýkna hann af þessum hluta stefnufjárhæðarinnar. Að öðru leyti ber að taka til greina kröfur stefnanda á hendur stefnda Ólafi, þar sem hann hefur með undirritun sinni á umstefndan fjármögnunar-leigusamning tekist á hendur óskipta sjálfskuldarábyrgð á fullum efndum samningsins.

Stefndu Ómar og Ásdís hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið gagnvart þeim eftir fram lögðum skjölum og skilríkjum.

Krafa stefnanda um greiðslu bifreiðagjalda og tryggingariðgjalda til Sjóvá-Alm. er studd reikningum Glitnis hf., en ekki hafa verið lagðir fram í málinu reikningar frá umræddum aðilum kvittaðir um greiðslu. Ekki þykir því sýnt fram á, að stefnandi hafi greitt umrædda reikninga, og þykir því ekki unnt með hliðsjón af útivist stefndu Ómars og Ásdísar að taka til greina kröfu stefnanda á hendur þeim samkvæmt þessum reikningum, sem nema samtals 116.298 kr. Að öðru leyti ber að taka kröfur stefnanda á hendur þessum stefndu til greina, enda kröfur stefnanda í samræmi við fram lögð skjöl og skilríki.

Eftir niðurstöðu málsins ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst 180.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Ómar Gústafsson, Ólafur H. Jakobsson og Ásdís Árna-dóttir, greiði in solidum stefnanda, Glitni hf., 734.622 kr. með dráttar-vöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 af 694.307 kr. frá 15. júní 1989 til 9. ágúst 1989, en af 734.622 kr. frá þeim degi til greiðsludags, þannig, að dráttarvextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. september 1990, og 180.000 kr. í málskostnað, sem ber dráttarvexti samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.